

## Greinargerð

### Balar 2, grenndarkynning

Um er að ræða tvö fjölbýlishús, bæði á tveimur hæðum með samtals 15-20 íbúðum.

Uppdrættir sýna umfang fyrirhugaðra bygginga. Endanleg hönnun liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að íbúðirnar geti verið 40-90 fermetrar að stærð og henti bæði einstaklingum og fjölskyldum. Vakin er athygli á því að innra skipulag og íbúðastærð á þeim teikningum sem fylgja þessari kynningu er í vinnslu og getur tekið breytingum.

Á uppdrætti eru sýnd 27 bílastæði við húsin sem er vel umfram eitt stæði fyrir hverja íbúð sem stundum er sett sem viðmið varðandi fjölda bílastæða. Þar af eru tvö stæði ætluð hreyfihömluðum.

Miðað við núverandi áætlun verða húsin byggð á steiptum undirstöðum úr forsmíðuðum einingum/módúlum sem koma nær fullbúnar að utan og innan frá framleiðanda erlendis. Þetta fyrirkomulag við framkvæmdina ætti að leiða til þess að framkvæmdatíminn verði svo stuttur sem unnt er. Að sjálfsgöðu verður farið að öllum íslenskum lögum og reglum varðandi hönnun, byggingu og frágang húsanna en hús sem byggð eru á þennan hátt er nú þegar að finna víðs vegar um landið, mörg hver eru fleiri en ein hæð.

Húsin verða klædd með viðhaldslítilli klæðningu en þar koma til greina ýmis efni, s.s. timbur, ál, bárujárn og steinefnaklæðning og reikna má með því að litaval taki mið af jarðlitum.

Talsverður hæðarmunur í byggingarlandinu ætti að gera það að verkum að húsin standa lægra en ella, einkum húsið sem liggur samsíða Aðalstræti, vegna staðsetningar þess í lóðinni. Þannig er reynt að halda áhrifum af húsunum á útsýni og umhverfi í lágmarki. Rétt er þó að áskilja rétt framkvæmdaraðila til breytinga ef talin verður ástæða til við endanlega hönnun en þá verði um breytingu að ræða sem hafi óveruleg áhrif varðandi ásýnd eða umfang bygginganna, þakgerð verði óbreytt.

Áform framkvæmdaraðila miða samkvæmt framansögðu að því að ásýnd húsanna verði látlaus og stílhrein, þau falli vel að umhverfi sínu og verði áhugaverður valkostur til íbúðarkaupa fyrir íbúa Vesturbyggðar.